



Vettvangsferðir

Hægt er að nota Puppet Pals til þess að vinna úr því sem börnin hafa upplifað í vettvangsferð.

Eitt sinn var ég að vinna með tveimur fimm ára stúlkum í forritinu og þær settu sjálfa sig inn í forritið. Þá var komið að því að gera bakgrunn og einhvern vegin æxlaðist það þannig að þær sóttu myndir sem voru í spjaldtölvunni.

Spjaldtölvan hafði farið með barnahópnum sem þær voru í vettvangsferð í Þjóðminjasafnið daginn áður.

Stúlkurnar settu inn nokkrar myndir og áður en ég vissi af voru þær farnar að segja frá öllu því sem þær sáu og upplifðu í Þjóðminjasafninu daginn áður. Þær voru t.d. með mynd af beinagrind sem er í gólfinu og sögðu mjög skýrt frá tilurð hennar. Þetta var svo skemmtileg frásögn hjá þeim og vel gert að við höfðum sögustund í hádeginu með því að sýna upptöku þeirra. Þannig höfðu öll börn deildarinnar bæði gagn og gaman af að rifja upp vettvangsferðina.

Fjóla Þorvaldsdóttir.